Skólaráð 24. nóvember 2020

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Rósa Björk Guðnadóttir fulltrúi kennara, Eva Sjöfn Helgadóttir og Aðalsteinn Möller fulltrúar foreldra, Valtýr Ferrel fulltrúi nemenda, Auður Sigrúnardóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Iðunn Haraldsdóttir fulltrúi starfsmanna.

Fundur hófst kl. 17.00 og var haldinn á Teams

1. **Fulltrúi grenndarsamfélagsins**
   Auður Sigrúnardóttir boðin velkomin í skólaráð, auglýst var eftir tilnefningum í gegnum hverfasíðu Kársness.

2. **Niðurstöður samræmdra könnunarprófa**
   Heildarniðurstöður eru reiknaðar með normaldreifðri einkunn, sk, grunnskólaeinkunn sem er á bilinu 0-60, meðaltal 30.
   - 9. bekkur mars 2020, enska 30., íslenska 31, stærðfræði 33 (fjöldi 50, núverandi 10. bekkur)
   - 7. bekkur sept. 2020, íslenska 31, stærðfræði 33 (fjöldi 64)
   - 4. bekkur sept. 2020, íslenska 32, stærðfræði 31 (fjöldi 57)

3. **Niðurstöður Skólapúlsins**
   Aðeins ein mæling búin á þessu skólaári (númer tvö er í gangi núna) þannig að niðurstöður segja ekki allt eins og staðan er en verður skýrari með hverri könnun.
   - Nemendur í 6. – 10. bekk taka þátt í Skólapúlsinum, úrtak í hvert sinn
   - Niðurstöður rýndar í hverjum mánuði, m.a. ræddar á stigsfundum og unnið með það sem þarf að skoða sérstaklega.

4. **Skólahald í heimsfaraldri**
   - Staðan í dag, fjöldi starfsmanna og nemenda í sóttkví
   - Hópaskipti, 25 – 50 nemendur í hópum eftir aldri í kennslu og matsal
   - Allir hópar fara saman í frímínútur
   - Allir nemendur á yngsta- og miðstigi fá mat úr mötuneyti, unglingarnir fara heim í hádegishléi (aðstaða f. þá sem eiga langt að sækja)
   - Lengri viðvera nemenda í þessari viku (eftir síðustu tilslakanir) núna er kennsla skv. stundaskrá í staðnámi að valgreinum á elsta stigi undanskildum, þær eru í fjarkennslu. List- og verkgreinar eru kenndar en í öðrum hópum en venjulega og verkefni með öðrum hætti að einhverju leyti.
   - Desemberskipulagið er á teikniborði kennara og stjórnenda; jólaundirbúningur og jólaskemmtanir út frá plani A og B.

   Fyrirspurn frá fulltrúa nemenda varðandi aðstöðu fyrir kennara og skólaliða um matar- og kaffiaðstöðu, hvernig gangi að halda fjöldatakmarkanir og að virða grímuskyldu.
   Athugasemd frá fulltrúa nemenda um að það vanti heitt vatn á snyrtingu fyrir stráka austan megin.

Athugasemd frá fulltrúa foreldra um blöndun hópa í lotukennslu, hvort það eigi sér stað (skv. skipulagi sem hann fékk sent heim þá leit það þannig út). Skólastjóri og fulltrúi kennarar útskýra skipulag sem á að vera með þeim hætti að engin blöndun á að eiga sér stað.

5. Húsnæði og fjölgun nemenda
   Um áramót verða rétt um 610 nemendur að öllu óbreyttu, fjölgun um 15 nemendur milli ára Þegar hefur verið óskað eftir fleiri lausum kennslustofum fyrir næsta skólaár þar sem það þrengir verulega að og skv. mannfjöldaspá þá mun fjölgunin halda sér.

   Fyrirspurn frá fulltrúa grenndarsamfélags um stöðu nýbyggingarinnar og hvort hægt er að nálgast gögn um bygginguna, þ.e. kostnaðaráætlun skv. núgildandi útboði. Skólastjóri ætlar að óska upplýsinga frá framkvæmdarsviði bæjarins um gögnin og vísa á þau.

   Fyrirspurn frá fulltrúa foreldra, á síðasta skólaári kom fulltrúi frá umhverfissviði Kópavogsbæjar og kynnti skipulag á Kársnesi. Nú er skipulag f. borgarlínu á borðinu og mikilvægt að vekja athygli á öryggi barna á Kársnesi í tengslum við umferð við nýja skólabyggingu. Skólastjóri skoðar fund með skipulagsstjóra eða fulltrúa hans, fjarfund þar sem skólaráð getur komið með fyrirspurnir.

6. Önnur mál

   Ábending frá fulltrúa nemenda um að upplýsingar til foreldra með annað móðurmál séu ekki jafn ítarlegar og upplýsingarnar á íslensku. Sömuleiðis að bréf um breytingar á skólastarfi væri gott að senda til nemenda (á elsta stigi), ekki aðeins til foreldra.

   Stytting vinnuvikunnar - vinnutímanefnd er nú að störfum og skoðar hvernig hægt er að stytta vinnuviku hina fjölmörgu stétta sem vinna í skólanum.

   Ábending frá fulltrúa foreldrum um mikilvægi hreyfingar, t.d. að efla Skólahreysti eða aðrar íþróttakeppnir.

Fundi slitið 18:05

Ritari; Sigrún Valdimarsdóttir

aðstoðarskólastjóri